

Stefnumál ASÍ-UNG




ASÍ-UNG er sammála því að:

Húsnæðismál

- Styðja við áframhaldandi uppbyggingu húsnæðiskerfa sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni og þjóni og veiti öllum inngöngu inn á fasteignamarkað, sérstaklega tekjulágum.
- Að fulltrúar leigjenda fái samningsstöðu gagnvart leigusöllum, ekki ósvipað og kjarasamningsgerð launafólks og atvinnurekenda.
- Stuðla að og leggja stórukna áherslu á að skilja að leigu- og vinnusamband sömu aðila.
- Vinna að aukinni og virkri leigubremsu á leigumarkaði.
- Vinna að styrkingu vaxtabótakerfisins en kerfið hefur minnkað töluvert í umsvifum.
- Herða ber reglur um uppsagnir leigusamninga.

Fjölskyldu- og jafnréttismál

- Að stuðla að virkum tíma fjölskyldulífs og að börn geti í raun notið samvista með foreldrum fyrstu árin sé það vilji fjölskyldu í stað þess að markmiðið verði að börn fái inngöngu í vistun frá tólf mánaða aldri. Má í því sambandi nefna umræður um heimagreiðslur, aukið, lengra og sveigjanlegra fæðingarorlof o.fl.
- Vinna að frekara frelsi á skiptingu fæðingarorlofs. Í dag er réttur hvors foreldris jafn, eða sex mánuðir fyrir hvort með möguleikann á framsali upp að sex vikum.
- Vinna að því markmiði að fyrra fæðingarorlof hafi ekki í stóruknum mæli áhrif á síðara fæðingarorlof, þegar skammt er á milli orlofstímabila. Í því sambandi verði tekjuskerðing til sérstakrar skoðunar
- Beita sér fyrir því að innflytjendur eigi rétt til íslenskukennslu á vinnutíma án tekjuskerðingar, en ekki utan þess. Á sama tíma verði virkara eftirlit með íslenskukennslu og samræming náms á milli stofnana og fyrirtækja verði aukin og bætt.
- Launamuni kynjanna verði að útrýma strax. Í því sambandi verði sérstaklega skoðað vanmat kvennastarfa.
- Brúa þarf bilið milli þess að orlof foreldra endar og þar til skóli byrjar aftur, hvort sem með lengra orlofi og/eða með því að niðurgreiða frístund að fullu í sumarfríi barna.



Kjara- og menntamál

- Styðja og stefna að breytingu á lögum sem leiði til þess að vinnumarkaðsbrot varði viðurlögum.
- Að ungt fólk eigi ekki að fá greidd lakari laun samkvæmt kjarasamningi. Óheimilt er að mismuna launafólki vegna lífaldurs og því nauðsynlegt að allir fái greidd laun, óháð lífaldri.
- Vinnuskólar eru samþykkt undirboð á vinnumarkaði. Séu ungmenni aðvinna í Vinnuskóla, skulu þau störf vera greidd til samræmis við önnur sambærileg störf og ekki háð einhliða ákvörðun sveitarfélaga.
- Styðja stúdenta í baráttu sinni gegn úreltu námslánakerfi. Staðan í dag er sú að framfærslulán eru langt undir viðmiðunarmörkum um lágmarksframfærslu, auk þess að námsmönnum er refsað fyrir það að vinna fyrir sér meðfram námi með ósanngjörnum frádráttarreglum.
- Stórauka þarf aðgengi framhaldsnáms á landsbyggðinni. Börn þurfa að flytja úr foreldrahúsum alltof snemma og inn á leigumarkað sem er óaðgengilegur og ósanngjarn. Ungmenni eiga að geta stundað framhaldsnám í nálægðri byggð í öruggu umhverfi fjölskyldu og heimilis.
- Koma þarf því inn í námsskrá grunnskóla að börn og ungmenni öðlist fræðslu og færni í málefnum vinnumarkaðarins, svo sem á kjarasamningum, skattareglum og vinnulöggjöfni.
- Greiða skal fyrir laun alls starfsnáms sem tengist skólavist. Starfsnám er gott tækifæri til að öðlast reynslu áður en farið er á vinnumarkað, en staðan er sú að mörg hver fyrirtæki á samkeppnismarkaði nýta sér starfsnema í auknum mæli. Slíkt getur bæði leitt til undirboðunar á vinnumarkaði og fer gegn meginsjónarmiðum vinnuréttarins að fyrir unnið vinnuframlag skuli greiða endurgjald fyrir.
- Taka á ofurlaunum forstjóra, t.d. í gegnum lífeyrissjóðina vegna þeirra fyrirtækja sem launafólk landsins á að hluta til í.
- Samræma þurfi kjarasamninga opinbers og almenns markaðar, t.d. með tilliti til veikindaréttar, uppsagnarverndar og orlofs. Í dag er staðan sú starfsmenn á opinberum markaði hafi í ríkari mæli betri rétt en þau á almennum markaði.
- Stórefla raunfærnimat.
- Endurskoða veikindarétt með tilliti til barnafjölskyldna.



Þróun Alþýðusambandsins

- Skipting þingfulltrúa á þing ASÍ eigi ekki að fara eftir greiddum iðgjöldum heldur fjölda félagsmanna.
- Formaður ASÍ-UNG eigi að hafa atkvæðisrétt í miðstjórn.
- Vinna að því að ASÍ taki upp aldurskvóta á þing sambandsins. Nauðsynlegt er að leyfa ungu fólki að komast að borðinu, enda stór hluti vinnumarkaðarins. Það þarf að veita ungu fólki raunverulega rödd.

